

## Félag eldri borgara á Akureyri

### 10. stjórnarfundur EBAK, 5. febrúar 2020 kl. 13.

**Mættir:** Haukur Halldórsson formaður, Margrét Pétursdóttir varaformaður, Dóra S. Jónasdóttir gjaldkeri, Hallgrímur Gíslason ritari, Birgir Björn Svavarsson, Nanna Þórsdóttir og Torfhildur Þorgeirsdóttir.

**Fjarverandi:** Garðar Lárusson, Egill Jónsson og Sigurður Harðarson

1. **Fundarsetning.** Formaður setti fund kl. 13.00.
2. **Fundargerð** til afgreiðslu: 9. stjórnarfundur 15. janúar 2020. Samþykkt.
3. **Skráning í dagbók** í viðveru stjórnarmanna á skrifstofu yfirfarin og rædd. Garðar var 15. janúar. Birgir var 22. janúar. Formaður notendaráðs mætti og spjallaði um Punktinn. 6 sóttu félagsskírteini, einn óskaði eftir að hætta í félaginu og einn sótti um félagsaðild. Enginn var 29. janúar. Linda afgreiddi nokkur kort.
4. **Viðvera á skrifstofu:** 5. febr. Torfhildur; 12. febr. Hallgrímur; 19. febr. Nanna; 26. febr. Margrét; 4. mars. Haukur .
5. **Næsti stjórnarfundur:** Tillaga um miðvikudaginn 4. mars 2020 kl. 13:00-15:00. Gestir þess fundar verða fulltrúar úr uppstillinganefnd. Samþykkt samhljóða.
6. **Verkefni milli stjórnarfunda:**
  - a) Fundur FKR með uppstillinganefnd var haldinn 3. febrúar. Allir fulltrúar nefndarinnar mættu. Minnisblaði vegna fundarins var dreift. Haukur formaður lýsti þeim vinnubrögðum sem nefndin þarf að hafa við uppstillinguna. Hann fór síðan yfir hverjir hætta í stjórn og í nefndum og einnig hvaða hugmyndir eru komnar að nýjum einstaklingum í þeirra stað. Rætt var um nauðsyn þess að lagfæra skráningarblaðið fyrir félagsaðild varðandi vinnu fyrir félagið.
  - b) Starfið í Bugðusíðu. Sífelld fleiri mæta í félagsmiðstöðina og hefur álag á starfsstúlkurnar því aukist verulega. Til dæmis mættu 72 í kaffi síðasta mánudagsmorgun og er mikil vinna að ganga frá eftir það. Það er orðið erfitt með afleysingar í forföllum. Við þurfum að koma upp föstu formi vegna afleysinga sjálfboðaliða.
  - c) Hjartastuðtæki. Margrét hefur unnið að því að fá slíkt tæki. Það er komið í hús. Nauðsynlegt er fá kennslu á það og er búið að fá leiðbeinendur. Dóra ætlar að vinna að málinu í samráði við Lindu.
  - d) Öldungaráð. Fundur var í ráðinu 3. febrúar sl. og er fundargerðin komin inn á ebak.is. Hallgrímur renndi yfir hana. Þórdís Rósa Sigurðardóttir, verkefnastjóri í heimaþjónustu, kom á fundinn og ræddi hugmyndir vegna heilsueflingar fyrir eldri borgara. Hún hefur hug á að hitta stjórn EBAK vegna þess málefnis. Skoða þarf málið fyrir næsta FKR fund. Rætt var um aðferðir til að ná betri árangri í málum og til að uppfylla lagaskilyrði, einnig um aðgerðaáætlun í málefnum eldri borgara og fleira. Öldrunarráð Íslands verður með ráðstefnu í Reykjavík 18. mars og þar verður Sigríður Stefánsdóttir fulltrúi öldungaráðs Akureyrarbæjar.
7. **Námskeiðahald á vorönn:**
  - a) Matreiðslunámskeið. Bíður vorsins.
  - b) Skriðsundsnámskeið 2. Dóra og Halldór Gunnarsson eru með málið í vinnslu.
8. **Félagsskírteini.** Dóra og Bragi Sigurðsson eru að setja þau skírteini sem enn eru eftir í umslög. Þeir stjórnarmenn sem geta aðstoðað við dreifingu mæti kl. 13 nk. föstudag.
9. **Kynningarfundur á vegum stjórnar og fræðslunefndar.** Fundinum verður frestað um ókveðinn tíma.

10. **Dansklúbbur – starfslýsing.** Hallgrímur lagði fram lýsingu fyrir klúbbinn. Samþykkt samhljóða.
11. **Afsláttarbók.** Ákveðið er að gefa út nýja afsláttarbók á landsvísu. Skila þarf nýjum upplýsingum fyrir 20. febrúar. Torfhildur ætlar að ræða við Garðar sem er með upplýsingar vegna síðustu bókar og vinna svo áfram að verkefninu.

## 12. Aðalfundur

- a) Gátlisti - Verkaskipting stjórnarmanna. Farið var yfir lista yfir dagsetningar vegna undirbúnings aðalfundar. Stjórnarmenn skiptu verkum af gátlista vegna fundarins á milli sín.
- b) Önnur verkefni stjórnar vegna aðalfundar: 1) Velja þarf tvo fulltrúa í uppstillinganefnd, 2) athuga hvort skoðunarmenn reikninga eru ekki tilbúnir að halda áfram störfum. 3) Tillaga að hækkun félagsgjalds upp í 3.000 kr. var rædd. 4) Áætlað er að afgreiða tvær ályktanir á fundinum. Annars vegar hvatningu til öldungaráðs og hins vegar um skipun nefndar vegna 40 ára afmælis félagsins 2022. Rætt hefur verið um að taka saman sögu félagsins vegna þess tilefnis.

## 13. Önnur mál:

- a) Ársskýrsla 2019 til LEB. Hallgrímur er tilbúinn með skýrsluna og verður hún send í tölvupósti til LEB.
- b) Hreyfing eldri borgara. Anný Björg Pálmadóttir sjúkraþjálfari kynnir meistaraverkefni sitt þriðjudaginn 18. febrúar nk. kl. 16.30 í Bugðusíðu 1.
- c) Starfslokanámskeið fyrir Einingu – Iðju á vegum SÍMEY miðvikudaginn 26. febrúar kl. 18.15-18.45. Kynning frá EBAK. Margrét annast hana.
- d) Bréf frá kórnum *Í fínu formi*. Gjaldkeri kórsins sendi beiðni um fjárstuðning. Þörf er á auknu fjármagni og er óskað eftir hærri stuðningi en áður. Samþykkt að styrkja kórinn um kr. 300.000.
- e) Bréf frá fræðslunefnd. Ráðstefna í samvinnu við Háskólann á Akureyri verður haldin 26. mars. Samþykkt að greiða kr. 150.000 til að standa straum af kostnaði.

## 14. Fundarslit.

Formaður sleit fundi kl. 15.10.

Hallgrímur Gíslason ritaði fundargerð.